

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra,
efnistökusvæði í Merkurhrauni.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. janúar 2016 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra 13. janúar 2016.

Í breytingunni felst að nýtt efnistökusvæði er skilgreint í Merkurhrauni, í landi Galtalækjar 2, þar sem fyrirhugað er að vinna allt að 45.000 m³ efnis til vegagerðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. janúar 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2016